

# Þorvaldur Loftsson

*Fæddur 11. júní 1933*
*Dáinn 4. nóvember 2023*

*Útför frá Akraneskirkju*
*þriðjudaginn 14. nóvember 2023*

## *Forspil*

*Sjómannavalsinn*

*Svavar Benediktsson*

## *Bæn*

Er sumarið kom yfir sæinn
og sólskinið ljómaði um bæinn
og vafði sér heiminn að hjarta,
ég hitti þig, ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum
með sumar í hjörtunum ungu,
- hið ljúfasta' úr lögunum mínum,
ég las það í augunum þínum.

Þótt húmi um heiðar og voga,
mun himinsins stjörndýrð loga
um ást okkar, yndi og fögnuð,
þó andvarans söngrödd sé þögnuð.

*Tómas Guðmundsson - Sigfús Halldórsson*

## *Ritningarorð*

## *Einsöngur*

*Minn bátur*

*Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson*

## *Ritningarorð*

Augun mín og augun þín,
ó, þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt.
Þú veist hvað ég meina.

Langt er síðan sá ég hann;
sannlega fríður var hann.
Allt sem prýða má einn mann,
mest af lýðum bar hann.

Trega ég þig manna mest,
mædd af tára flóði,
ó að við hefðum aldrei sést,
elsku vinurinn góði.

*Þjóðlag - Rósa Guðmundsdóttir*





























 

***Guðspjall***

***Einsöngur***

*Tvær stjörnur*

*Megas*

***Minningarorð***

***Einsöngur***

*Hvert örstutt spor*

*Jón Norðdal - Halldór K. Laxnes*

***Bæn***

Heyr mína bæn, mildasti blær.
Berðu kveðju mína' yfir höf.
Syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól
vörum mjúkum, kysstu hans brá.
Ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mína bænir og þrár.

*Erlent lag - Ólafur Gaukur Þórhallsson*

## *Faðir vor*

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt verð ég að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur með blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundið stað, sameinað, beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt verð ég að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það næðir hér og nístir mig.

*Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson*

## *Moldun*

### *Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson -*
*P.C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson -*
*P.C. Krossing 1820*

## *Blessun*

## *Eftirspil*

*Maístjarnan*

*Jón Ásgeirsson - Halldór K. Laxnes*

*Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*
*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*
*Harmonika: Rut Berg Guðmundsdóttir*
*Söngur: Kammerkór Akraneskirkju*
*Einsöngur og gítar: Halldór Hallgrímsson*
*Einsöngur: Emilíana Torrini*
*Útfararþjónusta  Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness***

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***